

## Samþykkt fyrir Frístunda- og menningarnefnd Grindavíkurbæjar.

### 1. gr.

Frístunda- og menningarnefnd fer með frístunda- og menningarmál bæjarins eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum og í samþykkt þessari.

### 2. gr.

Frístunda- og menningarnefnd er skipuð fimm fulltrúum og fimm til vara, kosnum af bæjarstjórn. Stjórn UMFG og Ungmennaráði er heimilt að tilnefna áheyrnarfulltrúa til setu í nefndinni með málfrelsi og tillögurétt. Seturéttur stjórnar UMFG er bundinn við málefni sem varða starfsemi félagsins. Bæjarstjórn kýs formann og varaformann. Kjörtímabil hennar er það sama og bæjarstjórnar. Nefndin skal halda gerðabók og skulu fundargerðir hennar sendar bæjarstjórn til staðfestingar. Fundir skulu haldnir að jafnaði einu sinni í mánuði eða eins oft og þurfa þykir. Boða skal til fundar ef meirihluti nefndarmanna fer fram á slíkt.. Fulltrúar í frístunda- og menningarnefnd skulu gæta þagmælsku um einkamálefni fólks sem fjallað er um á fundum nefndarinnar. Fulltrúi skal víkja af fundi, og kalla til varamann, tengist hann einstaklingum eða málum sem fjallað er um í nefndinni, þannig að spilt geti óhlutdrægni hans og valdið tortryggni.

### 3. gr.

Hlutverk frístunda- og menningarnefndar er:

- að gera tillögur til bæjarstjórnar um stefnu í frístunda- og menningarmálum og hafa eftirlit með að stefna bæjaryfirvalda á hverjum tíma sé haldin.
- undir menningu falla málefni bókasafns, Kvikunnar og viðburðir á vegum sveitarfélagsins
- undir frístundir falla öll málefni tengt tómsundum sveitarfélagsins og þeirra félagasamtaka sem starfa í sveitarfélagin sem og íþróttastarfsemi.
- að hafa eftirlit með stofnunum sem vinna að frístunda- og menningarmálum, og fylgjast með að þær vinni að settum markmiðum, í samræmi við lög og veiti góða þjónustu.
- að leggja mat á þá þjónustu sem veitt er á vegum sveitarfélagsins á málavíði nefndarinnar með tölulegum upplýsingum og könnunum á meðal bæjarbúa. Einnig að fjalla um þær kvartanir sem berast vegna þjónustunnar.
- að fara yfir tillögur forstöðumanna að fjárhagsáætlun hvers árs hvað varðar þá liði sem falla undir verksvið nefndarinnar og gæta þess í ákvörðunum sínum að halda áætlanir þegar að framkvæmdum kemur.
- að stuðla að góðu samstarfi félagasamtaka í Grindavík.
- frístunda- og menningarnefnd starfar að heildstæðum forvörnum í samstarfi við forvarnarteymi Grindavíkurbæjar.

-að vera bæjarstjórn að öðru leyti til ráðuneytis í frístunda- og menningarmálum.

#### 4. gr.

Verkefni frístunda- og menningarnefndar eru:

-að fara með þau verkefni sem bókasafnsnefnd eru falin samkvæmt lögum um almenningabókasöfn.

- að efla frístunda- og menningarstarf í Grindavík og hafa um það samstarf við félög og aðila sem starfa á því sviði.

-að gera tillögu til bæjarstjórnar um styrki til félaga, er starfa að frístunda- og menningarmálum, og fylgjast með starfsemi þeirra.

-að hafa eftirlit með rekstri bókasafns, íþróttamannvirkja, félagsmiðstöðvar og Kvikunnar.

-að gera tillögur til bæjarstjórnar um gjaldskrár, leigu og afnot af mannvirkjum.

-að gera tillögu til bæjarstjórnar um úthlutun starfslauna bæjarlistamanns í samræmi við reglur þar að lútandi.

-tekur ákvörðun um árlega veitingu menningarverðlauna samkvæmt reglum þar að lútandi.

- að vera bæjarstjórn til ráðuneytis um framkvæmdir og byggingu mannvirkja í þágu frístunda- og menningarmála.

-að skipuleggja viðburði og hátíðir í Grindavík í samstarfi við félagasamtök og einstaklinga eftir því sem við á.

-að vinna að öðrum þeim verkefnum sem bæjarstjórn felur nefndinni á hverjum tíma.

#### 5. gr.

Frístunda- og menningarfulltrúi situr fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt. Hann er ráðgjafi nefndarinnar og sér um ritun fundargerða, nema nefndin ákveði annað. Hann undirbýr fundi í samstarfi við formann og framkvæmir ákvarðanir nefndarinnar eftir að bæjarstjórn hefur staðfest þær. Um starfsmannamál fer eftir starfsmannastefnu Grindavíkurbæjar.

#### 6. gr.

Séu ákvæði í lögum eða samstarfssamningum um seturétt aðila utan nefndarinnar, þegar um mál þeim tengd er fjallað, skal þess gætt að þau ákvæði séu uppfyllt.

Nefndin skal gæta ákvæða stjórnarsýslulaga við meðferð mála

Sett með heimild í 57. gr. samþykktar um stjórn Grindavíkurbæjar og fundarskóp bæjarstjórnar nr. 805/2011

*Samþykkt á 410. fundi bæjarstjórnar Grindavíkurbæjar þann 7. september 2011. Uppfært á 449. fundi Bæjarstjórnar Grindavíkurbæjar 27. janúar 2015.*